- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2011 frá 19. júlí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 661/2010/ESB frá 7. júlí 2010 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins (endurútgefin) <sup>(3)</sup>.
- 4) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar nr. 661/2010/ESB fellur úr gildi ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB <sup>(4)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Til þess að tryggja góða framkvæmd samningsins er rétt að vikka gildissvið bókunar 37 við samninginn þannig að hún taki til samevrópska flutningakerfisins sem sett var á laggirnar með ákvörðun nr. 661/2010/ESB.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 5. liðar (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB) í XIII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 D 0661**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 661/2010/ESB frá 7. júlí 2010 um viðmiðunarreglur Sambandsins varðandi uppbyggingu samevrópska flutninganetsins (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 204, 5.8.2010, bls. 1).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Orðin „og með beitingu tilskipana 92/43/EBE og 2009/147/EB“ í 1. mgr. 8. gr. taka ekki til EFTA-ríkjanna.
- b) Í stað orðanna „107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ í staflið b) í 5. mgr. 13. gr. komi „61. og 62. gr. samningsins“.
- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 21. gr.:  
„3. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem sett var á fót samkvæmt 1. mgr., nema þau skulu ekki hafa atkvæðisrétt.“
- d) Ákvæði 1. mgr. 25. gr. taka ekki til EFTA-ríkjanna.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 78.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 204, 5.8.2010, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1.

2. gr.

Texti 4. liðar (nefnd um samevrópska flutningakerfið) í bókun 37 við samninginn hljóði svo:

„Nefnd um samevrópska flutningakerfið (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 661/2010/ESB)“.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 661/2010/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 105/2011****2011/EES/65/12****frá 30. september 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2011 frá 1. júlí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 frá 6. maí 2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1172/95 <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) 471/2009 fellur úr gildi, hinn 1. janúar 2010, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn, en ætti að taka áfram til EFTA-ríkjanna, og ber því að fella hana úr samningnum frá 1. janúar 2012 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. 8. liður (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95) verði endurtölusettur sem liður 8a.
2. Eftirfarandi liður bætist við á undan nýjum lið 8a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95):  
„8. **32009 R 0471**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 frá 6. maí 2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1172/95 (Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 23).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í EFTA-ríkjunum skulu ráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera til að fara að þessari reglugerð, koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2012.
- b) Allar vísanir í miðlægt greiðslujöfnunarkerfi og skyld ákvæði eiga ekki við um EFTA-ríkin.
- c) Að því er varðar Liechtenstein skal texti a-liðar 2. gr. hljóða svo:  
„,vörur“ merkir allt lausafé, að rafmagni undanskildu,“
- d) Texti b-liðar 2. gr. hljóði svo:

„Hagskýrslusvæði EES-svæðisins skal, að meginreglu, fela í sér tollsvæði samningsaðila. Samningsaðilar skulu skilgreina hagskýrslusvæði sín í samræmi við það.

Að því er varðar Noreg skulu Svalbarði og Jan Mayen teljast til hagskýrslusvæðisins.

Liechtenstein skal vera undanþegið því að safna gögnum um viðskipti milli Sviss og Liechtensteins. Liechtenstein skal aðeins safna gögnum um beinan innflutning og útfletning, að frátöldum vörugymslum og tollfrjálsum vörugymslum.

Að því er varðar Ísland, skal hagskýrslusvæðið fela í sér tollsvæðið.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 61, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 77.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 118, 25.5.1995, bls. 10.

- e) Liechtenstein skal undanþegið því að safna þeim gögnum sem um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr.
  - f) Ákvæði f- og k-liðar 1. mgr. 5. gr. eiga ekki að taka til EFTA-ríkjanna.
  - g) Flokkunin sem um ræðir í h-lið 1. mgr. 5. gr. skyldi að minnsta kosti miðast við fyrstu sex tölustafina.
  - h) Ákvæði l-liðar 1. mgr. 5. gr. eiga ekki að taka til Liechtensteins.
  - i) Ákvæði ii. liðar m-liðar 1. mgr. 5. gr. eiga ekki að taka til EFTA-ríkjanna.
  - j) Ákvæði iii. liðar m-liðar 1. mgr. 5. gr. eiga ekki að taka til Liechtensteins.
  - k) Ákvæði 6. gr. eiga ekki að taka til hagskýrslugagna sem EFTA-ríkjunum er ekki skylt að safna samkvæmt 5. gr.
  - l) Ákvæði 7. gr. eiga ekki að taka til EFTA-ríkjanna.
  - m) Ákvæði 2. mgr. 9. gr. eiga ekki að taka til Liechtensteins.
  - n) Að því er varðar Liechtenstein skal ekki birta niðurstöður hagskýrslna sem falla undir 10. gr. og gera kleift að bera óbeint kennsl á útflytjendur og innflytjendur, jafnvel án þess að innflytjandi eða útflytjandi fari fram á það, og aðeins skal birta tveggja stafa upplýsingar úr samræmdu tollskránni.“
3. Texti nýs liðar 8a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95) falli brott frá 1. janúar 2012 að telja.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 471/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 106/2011****2011/EES/65/13****frá 30. september 2011****um breytingu á XXI viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2011 frá 1. júlí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 92/2010 frá 2. febrúar 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins að því er varðar upplýsingaskipti milli tollyfirvalda og innlendra hagskýrslufirvalda, samantekt hagskýrslna og gæðamat <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 113/2010 frá 9. febrúar 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við þriðju lönd, að því er varðar umfang viðskipta, skilgreiningu gagna, samantekt hagskýrslna um viðskipti eftir könnunaratriðum fyrirtækja og eftir reikningsgjaldmiðli, og sérstakar vörur eða flutninga á þeim <sup>(3)</sup>.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 113/2010 fellur úr gildi hinn 1. janúar 2010 reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1917/2000 <sup>(4)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn, en ætti að taka áfram til EFTA-rikkanna þar til ráðstafanir til að fara að reglugerð (EB) nr. 471/2009 hafa komið til framkvæmda, og ber því að fella hana úr samningnum frá 1. janúar 2012 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XXI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 8a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95):

„8aa. **32010 R 0092**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 92/2010 frá 2. febrúar 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við lönd utan Bandalagsins að því er varðar upplýsingaskipti milli tollyfirvalda og innlendra hagskýrslufirvalda, samantekt hagskýrslna og gæðamat (Stjtið. ESB L 31, 3.2.2010, bls. 4).

8ab. **32010 R 0113**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 113/2010 frá 9. febrúar 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 471/2009 um hagskýrslur Bandalagsins um utanríkisverslun við þriðju lönd, að því er varðar umfang viðskipta, skilgreiningu gagna, samantekt hagskýrslna um viðskipti eftir könnunaratriðum fyrirtækja og eftir reikningsgjaldmiðli, og sérstakar vörur eða flutninga á þeim (Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 4. gr.:

„Að því er varðar EFTA-ríkin skal skilgreina „tollverð“ í samræmi við viðkomandi landsreglur.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 61, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 77.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 31, 3.2.2010, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 229, 9.9.2000, bls. 14.

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 7. gr.:

„Að því er varðar EFTA-ríkin merkir „upprunaland“ það land þar sem vörurnar eru upprunnar í skilningi viðkomandi landsbundinna upprunareglna.“

c) Vísan í reglugerð (EB) nr. 2454/93 í 4. mgr. 15. gr. gildir ekki.“

2. Texti liðar 16a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1917/2000) falli brott frá 1. janúar 2012 að telja.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 92/2010 og 113/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2011 frá 30. september 2011 <sup>(6)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(6) Stjútíð. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjútíð. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 17.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 107/2011**

2011/EES/65/14

frá 30. september 2011

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2011 frá 1. júlí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 263/2011 frá 17. mars 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar ítarlega gagnaöflun fyrir viðhengi um hreinar félagslegar bætur í evrópsku kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18uc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 110/2011) í XXI. viðauka við samninginn:

„18ud. **32011 R 0263**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 263/2011 frá 17. mars 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar ítarlega gagnaöflun fyrir viðhengi um hreinar félagslegar bætur í evrópsku kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (Stjtíð. ESB L 71, 18.3.2011, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 263/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(1) Stjtíð. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 61, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 77.

(2) Stjtíð. ESB L 71, 18.3.2011, bls. 4.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 108/2011**

2011/EES/65/15

frá 30. september 2011

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2011 frá 1. júlí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1151/2010 frá 8. desember 2010 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal að því er varðar fyrirkomulag og uppbyggingu gæðaskýrslna og tæknilegt snið fyrir sendingu gagna <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18yb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009) í XXI. viðauka við samninginn:

„18yc. **32010 R 1151**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1151/2010 frá 8. desember 2010 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal að því er varðar fyrirkomulag og uppbyggingu gæðaskýrslna og tæknilegt snið fyrir sendingu gagna (Stjtið. ESB L 324, 9.12.2010, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1151/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 61, og EES-viðbætur nr. 54, 6.10.2011, bls. 77.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 324, 9.12.2010, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 109/2011****2011/EES/65/16****frá 30. september 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2011 frá 1. júlí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/142/ESB frá 3. mars 2011 um breytingu á ákvörðun 97/80/EB um framkvæmdarákvæði vegna tilskipunar ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB) í XXI. viðauka við samninginn:

„– **32011 D 0142**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/142/ESB frá 3. mars 2011 (Stjtíð. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 66).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/142/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 61, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 77.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 66.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 110/2011****2011/EES/65/17****frá 30. september 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2011 frá 1. júlí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði að því er varðar reiknistuðla búfjäreininga og skilgreiningar á einkennum <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1200/2009 fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 23a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB) í XXI. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 R 1200**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði að því er varðar reiknistuðla búfjäreininga og skilgreiningar á einkennum (Stjtíð. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1200/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 61, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 77.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 38, 12.2.2000, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem öðlast hafa gildi eftir að 2011/EES/65/18 stjórnskipulegum skilyrðum hefur verið fullnægt samkvæmt 103. gr. EES-samningsins**

Frá marsmánuði árið 2000 hefur verið tekið fram í neðanmálgrein í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar hvort gildistökudagur þeirra sé háður því að eitthvert samningsríkjanna fullnægi stjórnskipulegum skilyrðum. Slík skilyrði voru gefin til kynna vegna neðangreindra ákvarðana. Hlutaðeigandi samningsríki hafa nú tilkynnt öðrum samningsríkjum að málsmeðferð innanlands sé lokið. Gildistökudagur hverrar ákvörðunar kemur fram í töflunni.

Ákvörðun	Dagsetning ákvörðunar	Prentsögn	Lagagerðir sem felldar eru inn í samninginn	Gildistökudagur
<b>80/2008</b>	4.7.2008	23.10.2008 Stjtið. ESB L 280, bls. 10 EES-viðbætur nr. 64, bls. 3	<b>Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007</b> frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB	1.11.2011
<b>114/2008</b>	7.11.2008	18.12.2008 Stjtið. ESB L 339, bls. 103 EES-viðbætur nr. 79, bls. 11	<b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB</b> frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB	1.11.2011
<b>16/2009</b>	5.2.2009	19.3.2009 Stjtið. ESB L 73, bls. 53 EES-viðbætur nr. 16, bls. 24	<b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB</b> frá 23. apríl 2008 um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE	1.11.2011
<b>18/2009</b>	5.2.2009	19.3.2009 Stjtið. ESB L 73, bls. 57 EES-viðbætur nr. 16, bls. 27	<b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB</b> frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB	1.8.2011
<b>86/2009</b>	3.7.2009	22.10.2009 Stjtið. ESB L 277, bls. 38 EES-viðbætur nr. 56, bls. 16	<b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB</b> frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga	1.11.2011
<b>87/2009</b>	3.7.2009	22.10.2009 Stjtið. ESB L 277, bls. 39 EES-viðbætur nr. 56, bls. 17	<b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB</b> frá 12. desember 2006 um varnir gegn mengun og spillingu grunnvatns	1.7.2011
<b>10/2010</b>	29.1.2010	22.4.2010 Stjtið. ESB L 101, bls. 19 EES-viðbætur nr. 19, bls. 19	<b>Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB</b> frá 12. desember 2008 um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna	1.11.2011
<b>37/2010</b>	12.3.2010	10.6.2010 Stjtið. ESB L 143, bls. 33 EES-viðbætur nr. 30, bls. 41	<b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB</b> frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE og tilskipun 2005/56/EB að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og upplýsingar við samruna og skiptingu fyrirtækja	1.11.2011
<b>46/2010</b>	30.4.2010	15.7.2010 Stjtið. ESB L 181, bls. 14 EES-viðbætur nr. 37, bls. 18	<b>Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/603/EB</b> frá 5. ágúst 2009 um kröfur varðandi skráningu á framleiðendum rafhlöðna og rafgeyma í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB	1.11.2011
<b>55/2010</b>	30.4.2010	15.7.2010 Stjtið. ESB L 181, bls. 23 EES-viðbætur nr. 37, bls. 31	<b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB</b> frá 14. mars 2007 um að koma á grunnvirki fyrir staðtengdar upplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE)	1.7.2011
<b>71/2010</b>	11.6.2010	16.9.2010 Stjtið. ESB L 244, bls. 25 EES-viðbætur nr. 49, bls. 24	<b>Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/131/EB</b> frá 16. október 2009 um breytingu á VII. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu	1.2.2011
<b>89/2010</b>	2.7.2010	21.10.2010 Stjtið. ESB L 277, bls. 42 EES-viðbætur nr. 59, bls. 11	<b>Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/149/EB</b> frá 27. nóvember 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB að því er varðar sameiginlega öryggisvísa og sameiginlegar aðferðir við að reikna út kostnað vegna slysa	1.3.2011

Ákvörðun	Dagsetning ákvörðunar	Prenstögn	Lagagerðir sem felldar eru inn í samninginn	Gildistöku dagur
<b>95/2010</b>	2.7.2010	21.10.2010 Stjtið. ESB L 277, bls. 52 EES-viðbætur nr. 59, bls. 22	<b>Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1293/2009</b> frá 23. desember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinnna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 32	1.4.2011
<b>102/2010</b>	1.10.2010	16.12.2010 Stjtið. ESB L 332, bls. 52 EES-viðbætur nr. 70, bls. 9	<b>Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB</b> frá 16. október 2009 um ráðstafanir sem greiða fyrir notkun rafrænnar málsmeðferðar með upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum	1.11.2011
<b>124/2010</b>	10.11.2010	3.3.2011 Stjtið. ESB L 58, bls. 82 EES-viðbætur nr. 12, bls. 26	<b>Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008</b> frá 3. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn  <b>Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB</b> frá 5. júní 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf	1.7.2011
<b>126/2010</b>	10.11.2010	3.3.2011 Stjtið. ESB L 58, bls. 84 EES-viðbætur nr. 12, bls. 29	<b>Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/915/EB</b> frá 30. október 2008 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB	1.7.2011